



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 4. janúar 2018

### Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 18. desember sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Breytingartillaga á reglugerðinni, sem samþykkt var af stjórn, var unnin af mannvirkjanefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á grein 8.4.3.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

#### Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

*Fyrir samþykktar breytingar:*

##### **Grein 8.4.3**

8.4.3 Knattspyrnugras skal uppfylla gildandi FIFA staðla þegar völlum er byggður. Leggja skal fram skýrslu með staðfestum niðurstöðum prófana óháðrar rannsóknarstofu eða aðila sem KSÍ viðurkennir, vegna knattspyrnugrass á leikvöllum í A, B og C flokki, sem staðfestir að grasið uppfylli gerðar kröfur. Prófanir mega ekki vera eldri en 24 mánaða miðað við 1. maí ár hvert.

*Eftir samþykktar breytingar:*

##### **Grein 8.4.3**

8.4.3 Knattspyrnugras skal uppfylla gildandi FIFA staðla þegar völlum er byggður. Leggja skal fram skýrslu með staðfestum niðurstöðum prófana óháðrar rannsóknarstofu eða aðila sem KSÍ viðurkennir, vegna knattspyrnugrass á leikvöllum í A, B og C flokki, sem staðfestir að grasið uppfylli gerðar kröfur. Reglubundnar prófanir skulu fara fram í samræmi við ákvæði FIFA staðlanna. KSÍ getur krafist þess að prófanir, að öllu leyti eða hluta, fari fram oftast ef ástæða þykir að mati KSÍ. KSÍ getur þó ekki krafist að prófanir verði gerðar oftast en á árs fresti.

#### **Samantekt**


Þær breytingar sem um ræðir eru til samræmis við gildandi leiðbeiningar og breyttar reglugerðir frá UEFA og FIFA í málaflokki knattspyrnuleikvanga. Breytingar þessar gera ráð fyrir að prófanir á knattspyrnugrasi keppnisvalla fari fram í samræmi við gildandi staðla alþjóðaknattspyrnusambandsins FIFA þar um. Í gæðaáætlun FIFA fyrir knattspyrnugras er miðað við að bæði FIFA Quality Pro og FIFA Quality gildi fyrir keppnisvelli. Evrópska knattspyrnusambandið UEFA gerir hins vegar þá kröfu að leikir á þeirra vegum fari fram á völlum sem uppfylla FIFA quality Pro. Munurinn er sá að FIFA Quality Pro er ætlaður fyrir Professional games og minni notkun (20 klst., eða minna, á viku) en FIFA Quality er

ætlaður fyrir velli með mikla notkun (40 til 60 klst. á viku). Reglubundnar prófanir skulu fara fram á árs fresti fyrir FIFA Quality Pro en á þriggja ára fresti fyrir FIFA Quality samkvæmt stöðlunum. Um er að ræða prófanir sem staðfesta að grasið uppfylli gerðar kröfur.

Fyrir samþykktar breytingar kvað reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga svo á um að prófanir á knattspyrnugrösum á leikvöllum í A, B og C flokki megi ekki vera eldri en 24 mánaða miðað við 1. maí ár hvert. Eftir samþykktar breytingar mun reglugerðin hins vegar gera ráð fyrir að reglubundnar prófanir skuli fara fram í samræmi við ákvæði FIFA staðlanna. KSÍ getur þó, ef ástæða þykir, krafist þess að prófanir fari fram oftari en FIFA staðlarnir segja til um en þó ekki oftari en á árs fresti.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,  
lögfræðingur hjá KSÍ.